



Ríkisfjármálaáætlun 2012-2015
Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2012
1. október 2012


2012



Skýrsla um ríkisfjármálaáætlun




2012



**1.
Ríkisfjármálastefnan,
árangur til þessa**

2012



Ríkisfjármálastefnan

Eftir hrun voru sett tvö grunnviðmið um afkomu ríkissjóðs í skýrslu í júní 2009:

1. að frumjöfnuður í rekstri ríkisins, þ.e. rekstrarafkoma án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, verði orðinn jákvæður árið 2011
2. að heildarjöfnuður, þegar vaxtajöfnuður er meðtalinn, verði orðinn jákvæður árið 2013.

2012




Endurmat ríkisfjármálastefnunnar

Ríkisfjármálastefnan hefur verið endurskoðuð í ljósi jákvæðrar framvindu efnahagsáætlunarinnar:

- aðlögun ríkisfjármálanna þarf ekki að verða jafn mikil og ganga jafn hratt fram og gert var ráð fyrir þegar áætlunin var gerð sumarið 2009
- markmiði um afgang á heildarjöfnuði verður seinkað til ársins 2014, auk þess sem hann verður minni en stefnt var að áður.


2012




Jákvæður frumjöfnuður

- Markmið um jákvæðan frumjöfnuð er stór áfangi í að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs, ná niður vaxtakostnaði og treysta forsendur velferðarsamfélagsins.
- Með setningu fjárlaga 2011 voru markmið um jákvæðan frumjöfnuð á árinu 2011 uppfyllt og allt bendir til að það takmark náist, þ.e.a.s. á rekstrargrunni.

2012




Frumtekjur og frumgjöld ríkissjóðs 2003-2012




Án óreglulegra liða

Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

2012




Frumjöfnuður ríkissjóðs með og án óreglulegra liða 2009-2012



2012



Samanburður á frumjöfnuði eftir efnahagskreppur



2012




2. Leiðarstef í ríkisfjármálum


2012



Útgjöld vegna velferðarmála 1998-2010




2012



Megin markmið á útgjaldahliðinni

- Reynt hefur verið að hlífa velferðarþjónustu, menntamálum og löggæslu, en ná fram meiri hagræðingu í almennri stjórnslu og rekstri ríkisins.
- Er það til marks um stefnu stjórnvalda um að verja velferðarsamfélagið.

2012



Megin markmið á tekjuhliðinni

- Megin markmiðið hefur verið að stöðva tekjufall ríkissjóðs sem leiðir af samdrætti hagkerfisins.
- Önnur markmið:
 - jöfnuður í tekjudreifingu
 - umhverfisvernd
 - ábyrga auðlindanýtingu

2012

Uppsafnaðar tekju- og aðhaldsaðgerðir 2009-2012*

Rekstrargrunnur, mia.kr.	2009	2010	2011	2012
Tekjur				
Skattkerfisbreytingar	23,7	68,7	83,0	95,0
Aðrar tekjaáðgerðir	0,0	6,1	7,0	13,1
Alls	23,7	74,8	90,0	108,0
Alls, % af VLF	1,6	4,9	5,5	6,1
Gjöld				
Rekstur	-13,5	-27,5	-38,7	-43,1
Tilfærslur	-6,3	-22,2	-30,0	-34,0
Stofnkostnaður	-13,3	-27,2	-31,1	-31,3
Frysting launa og bóta	-5,5	-16,5	-16,5	-16,5
Alls	-38,6	-93,4	-116,3	-124,9
Alls % af VLF	-2,6	-6,1	-7,5	-8,0

*Afkomaáðgerðir sem nema um 14% á tímabilinu tryggja aðlögun í heildarjöfnuði um 11-12%.



3. Efnahagshorfur

2012



Botni hagsveiflunnar hefur verið náð

- Eftir tveggja ára samdrátt í þjóðarbúskapnum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008, sem nemur alls tæplega 11%, er hagkerfið farið að vaxa á ný.
- Einkaneysla er að aukast, fjárfesting er að vaxa, atvinnuleysi fer lækkandi og kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist.
- Töluverð óvissa ríkjandi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem getur haft neikvæð áhrif á þróun efnahagsmála hér á landi.

2012




Efnahagsforsendur frumvarpsins

- Hagvöxtur 3,1%
- Verðlag hækkar um 3,7%
- Atvinnuleysi 6,0%
- Viðskiptajöfnuður -6,1% af VLF
- Kaupmáttur ráðstöfunartekna 3,2%



Þróun krónunnar: GVT, EUR og USD




2012

Meðalgengi árána 2002-2011 og lokagengi 27. september 2011




Hagvöxtur



2012




Verðbólga



2012




Þróun stýrivaxta



2012




Kaupmáttur ráðstöfunartekna




2012




Atvinnuleysi



2012



Viðsnúningur í viðskiptajöfnuði en þó áfram neikvæður



2012

Að meðtöldum halla á jöfnuði þáttatekna þ.m.t. bankar í slitameðferð



4. Afkoman 2012

2012



Helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps 2012

- Gert er ráð fyrir að halli á ríkissjóði lækki um meira en helming á árinu 2012 miðað við yfirstandandi ár.
- Áætlað er að heildarjöfnuður árið 2012 verði neikvæður um 17,7 mia.kr. samanborið við neikvæðan jöfnuð upp á 42,2 mia.kr. í áætlun 2011.

2012



Helstu niðurstöður fjárlagafrumvarps 2012

- Áætlað er að frumjöfnuður verði jákvæður árið 2012 um **39,6** mia.kr. á rekstrargrunni sem jafngildir **2,2%** af landsframleiðslu.
- Handbært fé frá rekstri verður neikvætt um **38,4** mia.kr.

2012


Heildar- og frumjöfnuður ríkissjóðs

Í milljörðum króna á verðlagi hvers árs	Reikningur* 2010	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frumvarp 2012
Tekjur	467,9	472,5	482,7	521,5
Gjöld	591,2	509,8	524,8	539,2
Heildarjöfnuður	-123,3	-37,3	-42,1	-17,7
Heildarjöfnuður, hlutfall af VLF (%)	-8,0	-2,3	-2,6	-1,0
Frumtekjur	438,7	457,1	461,3	500,3
Frumgjöld	523,1	436,2	457,5	460,8
Frumjöfnuður	-84,4	15,5	3,7	39,6
Frumjöfnuður, hlutfall af VLF (%)	-5,5	1,3	0,2	2,2

* Tölur leiðréttar fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga en ekki fyrir óreglulegum liðum.




Afkoma ríkissjóðs 2004-2015*




2012

* Óreglulegir liðir undanskildir



5. Gjaldahliðin 2012

2012



Helstu útgjaldabreytingar frá áætlun 2011

- Frumgjöld eru áætluð **460,8** mia.kr. og hækka um **3,2** mia.kr. frá áætlun 2011 m.v. verðlag hvers árs.
- Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð **539,2** mia.kr. og aukast um **14,3** mia.kr. frá áætlun 2011.
- Að frátöldum launa-, bóta- og verðlags-hækkunum 2012 lækka frumútgjöld um **8,5** mia.kr. eða um **1,9%**.

2012



Almenn viðmið um samdrátt


Í fjárlagafrumvarpi 2012 eru sett fram almenn viðmið um samdrátt í útgjöldum:

- 3% í almennri stjórnslu og þjónustu
- 1,5% í velferðamálum, s.s. heilbrigðisþjónustu, skólamálum, löggæslu, bótakerfum og sjúkratryggingum.
- Verða útgjöld ríkissjóðs lækkuð um 6,6 mia.kr. með þessum almennu aðgerðum og um 2 mia.kr. til viðbótar með sértækum aðgerðum.

2012



Heildarútgjöld fara lækkandi



192 mia.kr. frátaldar vegna tapaðra krafna Seðlabanka Íslands 2008


60,5 mia.kr. frátaldar vegna ríkisábyrgða og framlags til ÍLS 2010

Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

2012



Þróun frumútgjalda á föstu verðlagi



2012

Á verðlagi 2012 m.v. vísitölu neysluverðs og án óreglulegra liða.
Leiðrétt hefur verið fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.



Útgjaldabreytingar

	Milljarðar kr.
Aðhaldsaðgerðir	-8,6
Breyttar útgjaldaskuldbindingar	6,3
Launa-, gengis og verðlagsbr. 2011	26,8
Vaxtagjöld ríkissjóðs	4,7
Samtals	29,4

2012

Aðhaldsaðgerðir eftir hagrænni skiptingu

Í milljörðum króna	Lækkun ma.kr	Heildar- velta	Lækkun %
Rekstur	-4,4	189,6	-2,3%
Tilfærslur	-4,0	208,0	-1,9%
Viðhald og stofnkostnaður	-0,2	20,8	-1,2%
Samtals	-8,6	418,4	-2,1 %

Breytingar frá veltu fjárlaga 2011 án vaxtagjalda og óreglulegra liða

Aðhaldsaðgerðir eftir málaflokkum

Í milljörðum króna	Lækkun ma.kr	Heildar- velta	Lækkun %
Samgöngu-, efnhags- og atvinnumál	-1,1	75,4	-1,5%
Heilbrigðismál	-2,3	110,1	-2,1%
Almannatryggingar og velferðarmál	-1,8	121,8	-1,5%
Menntamál	-0,9	45,2	-2,0%
Æðsta stjórnýsla	-0,7	26,9	-2,4%
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	-0,5	20,1	-2,3%
Menningar-, íþróttar- og trúmál	-0,3	14,6	-2,2%
Húsnæðis-, skipulags- og veitumál	0,0	4,2	-0,9%
Samtals án lækkun framlags til LÍN	-7,6	418,4	-1,8%
Tímabundin lækkun á framlagi til LÍN	-1,0	-	-
Samtals	-8,6	418,4	-2,1%

Breytingar frá veltu fjárlaga 2011 án vaxtagjalda og óreglulegra liða



Breytingar á útgjaldaskuldbindingum

	Milljarðar kr.
Endurmetin fjárförf v/ lífeyristrygginga	4,0
Sjúkratryggingar, veikleikar og magnvöxtur	2,7
Skólakerfi vegna vinnumarkaðsaðgerða	1,2
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1,2
LÍN v/hækkunar á framfærslugrunni	0,6
Minni fjárförf vegna minnkandi atvinnuleysis	-3,5
Önnur bundin útgjöld	4,7
Niðurfelld fjárframlög	-4,6
Alls auknar útgjaldaskuldbindingar og niðurfellingar	6,3

Breytingar frá fjárlögum 2011


2012




Launa- og verðlagsbreytingar

	Milljarðar kr.
Hækkun bóta almanna- og atvinnuleysistrygginga um mitt ár 2011 á ársgrundvelli	6,8
Hækkanir bóta almanna- og atvinnuleysistrygginga á árinu 2012	3,0
Áhrif af launahækkun ríkisstarfsmanna um mitt ár 2011 á ársgrundvelli	6,6
Launahækkanir ríkisstarfsmanna á árinu 2012	4,8
Almennar verðlagshækkanir á árinu 2012	4,3
Gengisbreytingar	1,3
Samtals áhrif launa-, gengis- og verðlagsbreytinga	26,8

2012



Heildarstofnkostnaður




192 mia.kr. frátaldar vegna tapaðra krafna Seðlabanka Íslands 2008
60,5 mia.kr. frátaldar vegna ríkisábyrgða og framlags til ÍLS 2010
Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga


2012



Vaxtagjöld



2012




Fjárlögin 2012

Mörg framfaramál fá fjárstuðning í frumvarpinu:

- Sérstakt átak í almenningssamgöngum
- Efling Norðurslóðaverkefna
- Aukning í þróunarsamvinnu
- Átak í atvinnumálum og ferðaþjónustu
- Efling tónlistarkennslu
- Flutningsjöfnun
- Átak í menntamálum ungs fólks og atvinnuleitenda

2012



6. Tekjuhliðin 2012


2012



Helstu tekjubreytingar frá áætlun 2011

- Frumtekjur eru áætlaðar 500,3 mia.kr. og aukast um 39,1 mia.kr. frá áætlun 2011.
- Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 521,5 mia.kr. og aukast um 38,7 ma.kr. frá áætlun 2011.

2012



Aðgerðir á tekjuhlið

- Ekki er ráðgert að afla þurfi frekari tekna á árunum 2012-2015 með viðamiklum skattkerfisbreytingum.
- Forsenda þess er að samstaða náist um sértækari tekjuöflun eins og ígildi virðisaukaskatts á fjármálafyrirtæki (fsk-skattur), veiði- og auðlindagjöld, sölu eigna og arðgreiðslur.


2012




Sértækar tekjuaðgerðir árið 2012

Í milljörðum króna	mia.kr.
Br. á frádráttarbærni v/viðbótarlífeyrissparnaðar ...	1,4
Fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki	4,5
Auðlegðarskattur	1,5
Kolefnisgjald	0,8
Veiðigjald	1,5
Arður	2,0
Eignasala	7,0
Alls án séreignarsparnaðarheimildar	18,7
Heimild til úttektar séreignarsparnaðar	2,0
Alls með séreignarsparnaðarheimild	20,7

2012




Skatttekjur sem hlutfall af VLF lækka lítillega milli ára




* Án fjármagnstekjuskatts af sölu Landsímans
Leiðrétt fyrir yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

2012



Þróun samsetningar skattekna




2012



Skattaálagning á hjón vegna tekna 2008 og 2010

% af heildartekjum




2012



Tekjuskattur til ríkisins vegna tekna hjóna 2008 og 2010

% af heildartekjum



2012



Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

- Niðurstöður eða áfangaskýrslur kynntar í fjárlagafrumvarpinu.
- Lærdómsríkt ferli sem hægt er að byggja áframhaldandi innleiðingu á.
- Öll ráðuneyti unnu a.m.k. eitt tilrauna- verkefni.

2012




Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð

Þriggja ára áætlun um áframhaldandi innleiðingu samþykkt í ríkisstjórn í apríl 2011.

Markmið:


- Að fjárlögum verði beitt á markvissan hátt til að jafna stöðu kvenna og karla og stuðla að sanngjarnri öflun og nýtingu opinberra fjármuna

2012



7. Staða Íslands í alþjóðlegu samhengi


2012




Alþjóðlegur samanburður

- Skuldasöfnun hins opinbera á Íslandi hefur stöðvast og mun lækka á næstu árum og verða kominn í um 90% af VLF árið 2014.
- Atvinnuleysi á Evru–svæðinu verður um 10% af vinnuafli árið 2011 en yfir 8% í OECD–löndunum.
- Hallarekstur ríkissjóðs Íslands í ár er mun minni en í t.d. Grikklandi, Írlandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.


2012




Samanburður á skuldapróun



2012




Hagvöxtur í nokkrum samanburðarlöndum



2012




Afkoma hins opinbera í nokkrum samanburðarlöndum



2012



Aðlögun á heildarjöfnuði hins opinbera*




2012

*Sveitarfélög meðtalin



Heildarskuldir hins opinbera í nokkrum samanburðarlöndum




Á grundvelli Maastricht viðmiða


2012



Atvinnuleysi í nokkrum samanburðarlöndum




2012



8. Ný markmiðssetning í ríkisfjármálum

2012



Skuldastaðan í dag

- Í dag skuldar ríkið rúmlega 80% af VLF og sveitarfélögin í heild um 20%.
- Almennt talið að ekki sé skynsamlegt að skuldir hins opinbera fari mikið yfir 60% af VLF.


2012




Markmið vegna skuldastöðu

- Með aðhaldssamri ríkisfjármálastefnu samhliða auknum hagvexti á ríkissjóður að geta minnkað skuldir sínar á næstu árum.
- Ekki óeðlilegt að gera þá kröfu að skuldastaða sveitarfélaganna fari jafnt og þétt batnandi og verði ekki hærri en 12-15% af VLF.
- Áætlað að á árabílinu 2016-2019 verði skuldir ríkissjóðs komnar niður fyrir 45-50% af VLF.

2012



Heildarskuldir og hrein staða ríkissjóðs




2012



Áhættuþáttur - Icesave

- Óvissa um málaferli vegna málsins fyrir EFTA dómstóli og um lyktir þess gerir ókleift að áætla kostnað sem kynni að falla á ríkissjóð.
- Fari málið á versta veg gæti það gerbreytt forsendum fyrir þeirri áætlun sem hér er kynnt.
- Uppfært mat á áhættu af kostnaði við Icesave samninginn frá sl. vetri er nú um 25 mia.kr.

2012



9. Samantekt

2012



Niðurlag

- Samstarfsáætlun Íslands og AGS lokið.
- Árangurinn í ríkisfjármálum til þessa gerir það mögulegt að hægja á aðhaldskröfunni.
- Hallinn 2009 var um 100 mia. kr. en stefnir í að verða afgangur upp á 40 mia. kr. á næsta ári.
- Ríkisfjármálin eru að verða komin á sjálfbæran grunn.
- Náðst hefur að verja velferðakerfið og tekju-
lægstu hópa samfélagsins/meiri jöfnuður.

2012



Niðurlag

- Skuldastaða ríkissjóðs betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og markmiðið að lækka þær en frekar á næstu árum.
- Viðsnúningurinn í hagkerfinu hafinn – jákvæður hagvöxtur, einkaneysla tekið við sér, kaupmáttur eykst, fjárfesting eykst og öflug utanríkisviðskipti.
- Ríkisfjármálaáætlunin felur ekki í sér frekari almennar skattkerfisbreytingar á þessu kjör-tímabili.


2012



Fjárlögin

- Í fyrra var fjárlagafrumvarpið kallað hrunfjárlög þar sem það var hin alvarlega birtingarmynd hrunsins á rekstur ríkissjóðs.
- Í ár er uppleggið annað. Fyrsti vísir að uppbyggingu ríkissjóðs eftir hrun.
- Það skýrist af þeim árangri sem náðst hefur í ríkisfjármálum.

2012



Vefsetur: fjarlog.is

Minnt er á að halda trúnað um fjárlagafrumvarpið þar til það hefur verið lagt fyrir Alþingi kl. 14

Fjárlagafrumvarpið og tengd gögn er að finna á fjárlagavefnum fjarlog.is

2012